

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 199/2017

2019/EES/68/07

frá 27. október 2017

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1412 frá 1. ágúst 2017 um viðurkenningu á Fíji samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 98/90/EB ⁽²⁾ var felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB ⁽³⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn, og ber því að fella tilvísun til tilskipunar 98/90/EB brott úr samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 56ju (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/727):

„56jv. **32017 D 1412**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1412 frá 1. ágúst 2017 um viðurkenningu á Fíji samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjttíð. ESB L 202, 3.8.2017, bls. 6).“

2. Texti liðar 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1412, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 202, 3.8.2017, bls. 6.
⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 46, 17.2.1997, bls. 25.
⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146.
^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.